



Fundur á Hofsósi 25.10.1985

María Jóna Gunnarsdóttir

Greinargerð MJG-85-02

FUNDUR Á HOFSSÓSI 25.10.1985

Þann 25. október síðastliðinn var haldinn fundur á Hofsósi með sveitarstjórn Hofsóshrepps og fulltrúum frá Rafmagnsveitu ríkisins og Orkustofnun. Tilfni fundarins var skýrsla Orkustofnunar um hagkvæmni hitaveitu á Hofsós frá jarðhita í Vestur Fljótum. Almennt var rætt um orkumál á Hofsósi og sérstaklega í ljósi þess að raflínan að bænum er að verða fulllestuð og taka þarf ákvörðun um hvert verður næsta skref í orkumálum.

Þeir möguleikar sem um var rætt voru eftirfarandi:

GREINARGERÐASAFN

Hitaveita frá jarðhitasvæði í Vestur Fljótum að Hofsósi og til sveitabæja í Fellshreppi og Hofsóshreppi. Jarðhitasvæðið er um 22 km norðan við Hofsós. Áætlaður stofnkostnaður hitaveitu er 58 Millj.kr á verðlagi á fyrsta ársfljórðungi 1985 (BVT 185). Orkuverð frá hitaveitunni yrði samkvæmt útreikningum 1.57 kr/kWh. Orkuverð til hitunar með olíu er 1.75 kr/kWh, óniðurgreidd rafhitun er 1.48 kr/kWh og niðurgreidd rafhitun er 0.95 kr/kWh. Ekki er vitað um heitt vatn nær Hofsósi. Örnefnið Reykjarhóll er skammt sunnan við bæinn og hefur það gefið tilfni til bolla-
legginga um jarðhita þar. Úr því er auðvelt að skera með grunnri borholu. Í Vestur Fljótum er að finna nægilega heitt vatn fyrir hitaveitu en gera þarf rannsóknir á álitlegustu jarðhitasvæðunum og semja um jarðhitaréttindi áður en hafist er handa um heitavatsöflun.

Rafmagnslínan að Hofsósi er orðin þunglestuð og þarf á næstu árum að leggja nýja línu frá Varmahlíð. Samkvæmt áætlun Rafmagnsveitu ríkisins kostar ný lína ásamt úttaki í Varmahlíð og aðveitustöð á Hofsósi um 82 Millj.kr og þjóðhagslegt orkuverð á rafhitun vegna þeirra framkvæmda yrði 2.04 kr/kWh. Ef hitaveita kæmi á Hofsós myndi það létta á núverandi línu og fresta nýrri línubyggingu um allt að 20 ár.

Nú nýverið virkjuðu bændur á Sleitustöðum, sem er um 13 km sunnan við Hofsós, Kolbeinsdalsá. Stærð virkjunar er um 230 kW og af þeim eru 100 kW seld inn á netið til Rarik. Rætt var um að gera kostnaðaráætlun fyrir virkjun á fleiri stöðum í nágrenni Hofsós m.a. Kolku, Grafará og Hofsá og kanna hvort það væri hagkvæmari

leið en línubýgging eða hitaveita. Hjá Rafmagnsveitu ríkisins er nú verið að vinna að athugun á kostnaði virkjun við Kolku.

Að lokum var rætt um þann möguleika að nýta betur orkuna m.a. með orkusparandi aðgerðum og afgangsvarma frá iðnaði sem mætti leggja í aðliggandi hús. Á undanförunum mánuðum hafa verið settar upp varmadælur í mörgum frystihúsum. Þær nota kælivarmann frá frystivélum til upphitunar. Að þessu þarf að vinna á Hofsósi svo fresta megi kostnaðarsamari aðgerðum.

Fundarmenn:

Hofsóshreppur
Ófeigur Gestsson sveitarstjóri
Björn Nielsson oddviti
Gísli Kristjánsson
Páll Magnússon
Pálmi Rögnvaldsson

Rafmagnsveitu ríkisins
Pétur Þórðarsson, Reykjavík
Sigurður Eymundsson, Blönduósi
Jóhann Svavarsson, Sauðárkróki

Orkustofnun
Kristján Sæmundsson
María J. Gunnarsdóttir